

Véla- og tækjategygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Skilmálar nr. 224 og Almennir skilmálar nr. 001

SJÓVÁ

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í skilmálum hennar, [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Véla- og tækjategygging er samsett trygging fyrir véla- og tækjabúnað sem tekur m.a. til bilunar.



Hvað er tryggt?

Bilanatrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Tjóna sem verða vegna bilunar eða mistaka við notkun.

Brunatrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Tjóna af völdum bruna, eldingar eða sprengingar.

Vatnstjóns- og foktrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Tjóna sem verður af völdum vatns sem streymir skyndilega úr vatns, hita- og skolplögnum.
- ✓ Foktjóns af völdum ofsaveðurs ef vindhraði nær 28,5 m/sek samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands.

Innbrotstrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Tjón sem verða á hinu váttryggða af völdum innbrota



Hvað er ekki tryggt?

Bilanatrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón sem verður við flutning hins váttryggða.

Brunatrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón sem verður ef hlutur sviðnar, ofhitnar eða bráðnar.

Vatnstjóns- og foktrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón af völdum langvarandi raka, leka eða vegna smits og/eða myglu og sveppagróðri.
- ✗ Tjón af völdum úrkomu sem berst inn um þak eða vegg, nema af völdum bótaskylds foktjóns.

Innbrotstrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón vegna ráns sem framið er með hlutdeild starfsmanns váttryggðs.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin tekur ekki til véla og tækja sem geymd eru utanhúss, í opnum skemmmum eða skýlum, húsum í smíðum eða geymslum sem klæddar eru pappa, plastdúk og þess háttar.



Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og að lagnir og viðtengd tæki séu tæmd þegar hætta er á frosti.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú getur dreift greiðslum með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.